

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ísfélag Vestmannaeyja Þórshöfn



Dags eftirlits	19.8.2014	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Ísfélag Vestmannaeyja	Fulltrúi UST	
Heimili	Eyrarvegur 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6601691219	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Rafn Jónsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Kristinn Lárusson	Staðsetning	664973,026 638339,856

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Verskmiðja og athafnasvæði rekstraraðila var snyrtilegt við skoðun. Á fundi var rætt um nýlegt starfsleyfi, helstu rekstrarþætti, gagnaskil ofl. Ekki eru gerðar athugasemdir en eitt frávik staðfest, þ.e. svokölluð verksmiðjuólía (úrgangsolía hreinsuð að hluta) er notuð á katla verkmiðjunnar þó hæfilegar mengunarvarnir séu ekki fyrir hendi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi. Auk ofanefndra var Guðrún Ragnhildur Aradóttir á fundinum. Farið var nokkuð ítarlega yfir vinnsluferla og mengunarvarnir verksmiðjunnar og síðan helstu rekstrarþætti skoðaðir. Engar kvartanir hafa borist eða óhöpp átt sér stað frá síðasta eftirliti. Starfsemi hefur verið lítil í ár í verksmiðjunni, mest efni frá frystihúsi Ísfélagsins (afskurður o.fl?).

Nokkuð var rætt um notkun úrgangsolíu sem að einhverju leyti hefur verið hreinsuð, sem eldsneyti á katla. Eingöngu sambrennslustöðvum er heimilt að nýta slíka olíu þar sem þær eru búnar hreinsivirki sem tryggir hæfilega hreinsun útblásturs.

Nýtt starfsleyfi rekstraraðila tók gildi þann 31. jan. sl.

Rætt var almennt um starfsleyfið en mest þó um ný eða breytt ákvæði, þá helst auknar mælingar og gagnaskil. T.a.m. hefur ekki verið farið fram á áður að mæla hávaða (ákv.3.4) og útblásturhraða úr skorsteini (ákv. 3.2)

Gagnaskil, m.a. grænt bókhald, útstreymisbókhald, og niðurstöður mælinga voru rædd sem og framkvæmd mælinganna.

Áætlun um rekstrarstöðvun bæði til skamms tíma sem og til langs tíma sbr. ákv. 1.5 var rædd en hún skal vera tilbúin 31.1.nk. Umhverfisstofnun hefur útbúið leiðbeiningar um áætlanagerðina og fékk rekstraraðili þær skömmu eftir eftirlitið.

Hreinlæti, áætlun þar um, framkvæmd og skráningar voru ræddar, viðhald á búnaði og tíðni þrifa á honum.

Að fundi loknum var verksmiðjan og athafnasvæðið skoðað. Ekkert athugavert kom í ljós og var snyrtilegt um að litast.

Þar sem um var að ræða fyrsta eftirlit undirritaðrar í fiskimjölsverksmiðju var nauðsynlegt að halda að auki símafund sem fram fór 11.9. sl. Skil gagna, þá helst niðurstöður mælinga voru rædd á símafundinum og var niðurstaða fundarins að einungis vantaði ítarlegri TVN gögn og bærust þau samdægurs í tölvupósti.

Frávik frá

Reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs

Lýsing á fráviki

Ísfélag Vestmannaeyja í Þórshöfn brennir úrgangsolíu sem er að einhverju leyti hreinsuð (kölluð verksmiðjuólía) í olíukötlum verksmiðjunnar.

ANNAÐ

Umhverfisstofnun veitti rekstraraðila áminningu í janúar sl. vegna notkunar úrgangsolíu á katla verksmiðjunnar. Þar sem notkun olíunnar hefur ekki verið hætt er um frávik að ræða frá starfsleyfi og löggjöf eins og tilgreint er í frávikakafla eftirlitsskýrslunnar.

Reykjavík, 04.12.2014



Sigrún Guðmundsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.